



Fréttatilkynning

25 September 2024 08:57:00 GMT

Arion Banki hf.: Niðurstöður endurkaupatilboðs skuldabréfa sem flokkast sem viðbótar eiginfjárpáttur 1 (AT1)

EKKI TIL DREIFINGAR INNAN EÐA TIL, EÐA TIL AÐILA SEM ER STAÐSETTUR EÐA BÚSETTUR INNAN, BANDARÍKJANNA EÐA YFIRRÁÐASVÆÐA ÞESS (Þ.Á.M PÚERTÓ RÍKÓ, BANDARÍSKU JÓMFRÚAREYJAR, GVAM, BANDARÍSKA SAMÓA, VARSÍMAEYJAR EÐA NORÐUR-MARÍANAHEYJAR) EÐA NOKKURS FYLKIS INNAN BANDARÍKJANNA EÐA COLUMBIA SVÆÐISINS (E. DISTRICT OF COLUMBIA) („BANDARÍKIN“) EÐA HVERRAR ÞEIRRAR LÖGSÖGU ÞAR SEM BIRTING, ÚTGÁFA EÐA DREIFING Á ÞESSARI TILKYNNINGU TELDIST BROT Á LÖGUM VIÐKOMANDI LÖGSÖGU.

Arion banki hf. („**bankinn**“) tilkynnti í dag um niðurstöðu endurkaupatilboðs til eigenda 100 milljóna bandaríkjadala breytanlegrar skuldabréfaútgáfu með föstum vöxtum, sem flokkast sem viðbótar eiginfjárpáttur 1 (AT1) (ISIN: XS2125141445), þar sem bankinn bauðst til að kaupa skuldabréfin til baka („**endurkaupatilboðið**“).

Endurkaupatilboðið var tilkynnt 16. september 2024 og byggði á skilmálum og með þeim fyrirvörum er komu fram í skilmálum endurkaupatilboðsins, dags. 16. september 2024 (e. **Tender Offer Memorandum**).

Við lok tilkynningarfrests, hefur bankinn mótttekið gild tilboð að fjárhæð 77.680.000 bandaríkjadala. Hefur bankinn tilkynnt að öllum gildum tilboðum hafi verið tekið, án nokkurrar pro rata skerðingar.

BofA Securites, Morgan Stanley og UBS sáu um endurkaupin fyrir hönd bankans.

Nánari upplýsingar um endurkaupin er að finna í tilkynningu sem birt er opinberlega í kauphöllinni í Lúxemborg (www.bourse.lu) þar sem skuldabréfin eru skráð.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171



Viðhengi

[Arion Banki hf.: Niðurstöður endurkaupatilboðs skuldabréfa sem flokkast sem viðbótar eiginfjárbáttur 1 \(AT1\)](#)